

FJALLSKIL

Samstarfsnefnd leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði starfræktar þrjár Fjallaskiladeildir.

- Pistilfjarðardeild
- Langanesdeild Vestari
- Langanesdeild Austari, austan Miðfjarðarár

Til að tryggja jafnari nýtingu lands til upprekstrar og beitar verði búfjáreigendum heimilt að reka fé sitt á fjall í öðrum deildum en þeir eiga búsetu í, enda sé það gert með samþykki viðkomandi landeigenda.

Sveitarfélagið, sem ábyrgðaraðili fjallskila, tryggji að fjallskil fari fram með fullnægjandi hætti í öllum deildum, þó svo að kindagjald í einstökum deildum standi ekki undir fjallaskilakostnaði í viðkomandi deild.

Sveitarfélagið leitist við að tryggja aðgang að upprekstrarleyfum á þeim svæðum sem svigrúm er til staðar með samkomulagi við landeigendur. Hver deild ákveður fjallaskilagjöld hjá sér og laun fyrir vinnu við fjallskil.

Miða skal gjöld og laun við að fjárbændur borgi því sem næst raunkostnaði við fjallskil. Sveitarfélagið, í samvinnu við fjallskiladeildir, leiti leiða til að jafna kostnað milli deilda.

Samstarfsnefndin leggur til að landgjald verði fellt niður.

ATVINNUMÁL

Í atvinnustefnu sameinaðs sveitarfélags verði lögð áhersla á fjölbreytni í atvinnulífi sem byggja á þeirri öfluggu starfsemi sem fyrir er.

Stofnun vinnuklasa að Fjarðarvegi 5 undir vinnuheitinu „Fonturinn“ er mikilvæg aðgerð á þeirri vegferð að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Ætlunin er að gefa tækifæri til starfa án staðsetningar, í fjarvinnu, aðstöðu fyrir námsmenn o.fl.

Verkefnið “Betri Bakkafjörður” hófst árið 2019 og er út árið 2023. Verkefnið hefur gengið vel og ætlunin er að framlengja það. Samfélagssáttmáli var gerður, milli íbúa við Bakkaflóa, sveitarfélagsins og ríkisins vegna byggðar við Bakkaflóa. Í samfélagssáttmálanum kemur m.a. fram að samstillt átak íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka og ríkis sé lykillinn að velgengni verkefnisins.

Mikil tækifæri liggja í uppbyggingu í Finnafirði og möguleikar á aukinni orkuöflun eru á svæðinu.